

Átjándi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps haldinn að Breiðabliki 15. desember 2022 kl. 17:00.

Mætt eru Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald

Sveitarstjórn samþykkir að hækka sorphirðu- og sorpeyðingargjald um 11%, frá og með 1. janúar 2023.

Seyrulosunargjald

Sveitarstjórn samþykkir að hækka seyrulosunargjald um 6,5%, frá og með 1. janúar 2023.

2. Erindi frá Sigursteini Sigurðssyni, menningar- og velferðarfulltrúa SSV

Efni erindisins er stofnun Klasa safna, sýninga og setra á Vesturlandi. Sveitarstjórn setur sig ekki upp á móti stofnun Klasans. Oddvita falið að svara erindinu.

3. Reglur um uppsetningu og rekstur ljósastaura í Eyja- og Miklaholtshreppi

Umræða um reglur síðan í janúar 2008. Sveitarstjórn samþykkir að breyta 3. gr. í reglunum, í þá veru að ekki verður greiddur rafmagnskostnaður af sveitarfélaginu. Oddvita falið að útfæra reglurnar og birta á heimasíðu sveitarfélagsins.

4. Fjárhagsáætlun 2023-2026, seinni umræða

Tekin til síðari umræðu fjárhagsáætlun Eyja- og Miklaholtshrepps fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun 2024-2026.

Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B- hluta verði 207.431.000 kr. og að áætluð rekstargjöld fyrir fjármagnsliði verði 173.134.000 kr. Áætluð rekstarniðurstaða er jákvæð um 35.443.000 kr. fyrir árið 2023.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina 2023.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina 2024-2026.

5. Fundargerð 169. fundar stjórnar SSV

Fundargerð lögð fyrir fundinn.

6. Fundargerð 170. fundar stjórnar SSV

Fundargerð lögð fyrir fundinn.

7. Fundargerð auka aðalfundar SSV 2022

Fundargerð lögð fyrir fundinn.

8. Fundargerð haustþings SSV 2022
Fundargerð lögð fyrir fundinn.
9. Fundargerð 178. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Fundargerð lögð fyrir fundinn.
10. Fundargerð 179. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Fundargerð lögð fyrir fundinn.
11. Fundargerð 201. fundar Félagsmálanefndar Snæfellinga
Fundargerð lögð fyrir fundinn.
12. Fundargerð stjórnarfundar Svæðisgarðsins Snæfellsnes
Fundargerð lögð fyrir fundinn.
13. Fundargerð 915. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fundargerð lögð fyrir fundinn.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Oddviti óskaði nefndarfólki og fjölskyldum þeirra gleðilegra jólahátíðar. Jafnframt þakkaði oddviti nefndarfólki fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:40.

Herdís Þórðardóttir sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign

Þróstur Aðalbjarnarson sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir sign

Sigurbjörg Ottesen sign